

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Samstæðuársreikningur
31. desember 2022

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Kt. 690500-2130
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og slökkviliðsstjóra

Tilgangur SHS

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) var stofnað á árinu 2000. Það tók við rekstri slökkviliðanna á höfuðborgarsvæðinu frá 1. júní 2000. Í samþykktum byggðasamlagsins segir að tilgangur þess sé að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, eignir og sinna öðrum lögbundnum verkefnum.

Eigendur og stjórn

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík (60,8%), Kópavogur (14,4%), Hafnarfjörður (12,2%), Garðabær (6,2%), Mosfellsbær (4,0%) og Seltjarnarnes (2,4%).

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna og því er ekki horft til þess að jafna kynjahlutfall þegar stjórn SHS er skipuð. Kynjahlutföll í stjórn SHS í dag eru jöfn eftir að ný stjórn SHS var skipuð vorið 2022.

Samstæða SHS

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðusreikning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og SHS fasteigna ehf.

Rekstur ársins 2022

Rekstrarafgangur ársins nam 97 m.kr. (2021:372 m.kr.). Þrátt fyrir að vera mun lægri í ár en í fyrra er þetta betri afkoma en áætlað var. Rekstrartekjur voru 171 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir, þar vega þyngst hærrí tekjur af sjúkraflutningum sem eru að stærstum hluta tilkomnar vegna kostnaðarþátttöku Sí í auknum kostnaði vegna styttingar vinnuviku vaktavinnufólks. Einnig eru sértekjur hærrí en áætlað. Launakostnaður var heldur hærrí en gert var ráð fyrir sem er að stærstum hluta vegna eingreiðslu til handa varðlismönnun vegna mikils álags í sjúkraflutningum í tengslum við Covid. Annar rekstrarkostnaður var í takt við áætlun.

Afskriftir og hreinn fjármagnskostnaður var lægri en gert var ráð fyrir, þar sem fyrirhuguðum fjárfestingum ársins að fjárhæð 400 m.kr. var frestað.

Eigið fé í lok tímabilsins nam 2.501 m.kr. (árslok 2021: 2.404 m.kr.). Í árslok var eiginfjárlutfall SHS 76,6% (2021: 76,5%).

Meðalfjöldi stöðugilda hjá SHS var 210 á árinu 2022 (2021: 202 stöðugildi). Af þeim voru 185 á aðgerðasviði eða 88%, sem er sama hlutfall og 2021. Launakostnaður ársins var um 86% af rekstrarkostnaði án afskrifta og fjármagnskostnaðar, en var tæplega 85% 2021.

Megináhættur og óvissuþættir, áhrif ytra umhverfis á starfsemi SHS

Það sem einkennir starfsemi SHS er að reglugerðir gera skýrar kröfur um mönnun og framkvæmd eldvarnaeftirlits og viðbragðs slökkviliða. Kröfurnar eiga að tryggja að nægur mannskapur sé til staðar til þess að sinna eldvarnaeftirliti í mannvirkjum á tilteknu þjónustusvæði samkvæmt árlegri eftirlitsáætlun og að uppsett afl slökkviliðs sé alltaf tryggt þannig að hægt sé að hefja reykjöfun innan tíu mínútna frá því að kallið kemur.

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi, sem og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Samkvæmt samkomulagi við HMS er mönnun aðgerða- og forvarnasviðs endurskoðuð í júnímánuði ár hvert á gildistíma áætlunarinnar sem er í fimm ár frá samþykkt hennar. Endurskoðunin snýst um að mönnun liðsins uppfylli lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem um starfsemina gilda.

Íbúa- og byggðapróun á höfuðborgarsvæðinu getur haft veruleg áhrif á mönnunarpörf SHS, bæði á aðgerða- og forvarnasviði. Hækkandi aldur íbúa og fjölgun ferðamanna eru einnig þættir sem hafa áhrif, einkum á álag í sjúkraflutningum.

Skýrsla og áritun stjórnar og slökkviliðsstjóra, frh.

Helstu þættir í starfsemi SHS 2022

Útköll á dælubíla jukust um 16% milli ár, voru 1.534 í lok árs 2022. Þetta er mesta aukning milli ára sem við höfum séð og rekja má hana að stærstum hluta til óveðurs og vatnstjóna.

Heildarboðanir á sjúkrabíla voru 40.564 á árinu, af þeim voru boðanir vegna Covid 1.084. Á árinu 2021 voru heildarboðanir 42.154, þar af voru Covid boðanir 5.470. Aukning boðana án Covid eru því tæpilega 8% milli ára.

Forvarnasvið SHS annast brunaúttektir, leyfismál tengd viðburðum og yfirferð teikninga í samstarfi við byggingarfulltrúa. Verkefnið um kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði sem hófst 2021 hélt áfram og kom skýrsla út um verkefnið í apríl 2022. Áfram er verið að vinna í úrlausn þess.

Fyrri hluta ársins voru verkefni almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS) að mestu Covid tengd, þar á meðal var aðstoð við smitrakningu og rekstur þjónustuværs. Einnig var unnið að viðbúnaði vegna gróðurelda í samstarfi við hagaðila, ásamt samstarfsverkefnum við ýmsa aðila.

Önnur helstu verkefni SHS 2022 fyrir utan hefðbundinn rekstur var stytting vinnuviku vaktavinnufólks sem tók gildi 1. október sl., með tilheyrandi vinnu við nýráðningar, þjálfun og innleiðingu á nýju vaktakerfi.

Í mars 2022 var skrifað undir nýjan samning við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og Landspítalann (LSH) um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, eftir ríflega árs samningaviðræður. Samningurinn er til fimm ára og gildir frá og með 1. mars 2022 til og með 28. febrúar 2027. Heimilt er að framlengja samninginn um allt að þrjú ár með samþykki allra samningsaðila.

Í samningnum er m.a. ákvæði um þátttöku SÍ og LSH í kostnaðarauka við innleiðingu styttingu vinnuviku sjúkraflutningafólks að því gefnu að innleiðingin byggi á aðferðafræði Betri vinnutíma. Niðurstaða kostnaðarmats Betri vinnutíma lá fyrir í október og skrifað var undir samkomulag um 10% afturvirka hækkun á verðum í samningnum frá 1. júlí 2022, núna í janúar.

Ársreikningur 31. desember 2022 er endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Það er álit stjórnar byggðasamlagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins 31. desember 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, 10. febrúar 2023

Undirritun er rafræn og er að finna á öftustu síðu

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Slökkviliðsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjareigenda í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs.

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. („samstæðan“) fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar á árinu 2022, efnahag hennar 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og slökkviliðsstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og á öðrum vettvangi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru m.a. skýrsla stjórnar og slökkviliðsstjóra sem fylgir ársreikningi. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og slökkviliðsstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og slökkviliðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og slökkviliðsstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og slökkviliðsstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við á, skulu stjórn og slökkviliðsstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og slökkviliðsstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun sem er framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og við höfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar:

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnun og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 10. febrúar 2023

Undirritun er rafræn og er að finna á öftustu síðu

Sturla Jónsson

löggilltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur janúar til desember 2022

		2022	2021	2022 Áætlun
Rekstrartekjur				
Rekstrartekjur	2	4.324.580	4.097.671	4.153.382
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	3	3.512.342	3.041.270	3.452.315
Annar rekstrarkostnaður		593.126	548.339	596.766
		4.105.468	3.589.609	4.049.082
Afkoma fyrir afskriftir		219.111	508.062	104.300
Afskriftir	5	121.152	121.594	134.000
Afkoma		97.959	386.467	(29.700)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	(845)	(14.373)	(14.000)
Afkoma tímabilsins		97.114	372.094	(43.700)

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Fasteignir		1.621.919	1.644.884
Bífreiðar		308.101	321.252
Áhöld og tæki		138.853	134.876
Hugbúnaður		7.690	12.467
		<u>2.076.563</u>	<u>2.113.480</u>
Aðrar langtímaeignir			
Fyrirframgreidd framlög til Brúar lífeyrissjóðs	1	132.798	138.827
Fastafjármunir samtals		2.209.361	2.252.307
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	178.412	120.864
Aðrar skammtímakröfur	6	10.448	12.371
Handbært fé	7	866.711	757.377
		<u>1.055.571</u>	<u>890.612</u>
Eignir samtals		<u><u>3.264.932</u></u>	<u><u>3.142.918</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé	8		
Stofnfé		1.632.967	1.632.967
Ójafnað eigið fé		868.421	771.307
		<u>2.501.388</u>	<u>2.404.274</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	9	201.877	199.837
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		89.089	57.476
Aðrar skammtímaskuldir	10	456.508	467.685
Næsta árs afborgun af langtímaskuldum	9	16.071	13.646
		<u>561.667</u>	<u>538.807</u>
Skuldir samtals		763.544	738.644
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>3.264.932</u></u>	<u><u>3.142.918</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit janúar til desember 2022

		2022	2021
Rekstrarhreyfingar	Skýr.		
Afkoma ársins		97.114	372.094
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	121.152	121.594
Gengismunur og verðbætur lána		19.347	10.139
Tap af sölu eigna		1.484	0
		239.097	503.827
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:			
Kröfur		(49.596)	10.816
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		20.435	51.297
		(29.162)	62.113
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		209.936	565.940
Fjárfestingarhreyfingar	5		
Sala eigna		5.090	0
Fjárfestingar		(90.810)	(28.307)
		(85.720)	(28.307)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(14.882)	(13.350)
		(14.882)	(13.350)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		109.334	524.282
Handbært fé í byrjun ársins		757.377	233.094
Handbært fé í lok tímabils		866.711	757.377

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur að geyma samstæðureikning byggðasamlagsins og dótturfélags. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi byggðasamlagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti milli samstæðufélaga, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

b. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af tekjum frá eignaraðilum, sölu á þjónustu, ýmsum sértekjum og húsaleigutekjum.

c. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi 31. desember 2022. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhalds- og notkunartíma.

Fasteignir	50 ár
Bifreiðar	10 ár
Áhöld og tæki	5 - 10 ár
Hugbúnaður	5 ár

e. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

f. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Á árinu 2017 greiddi Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins samtals 232 m.kr. í viðbótar framlag til Brú lífeyrissjóð. Uppgjörið var tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Framlag í jafnvæggissjóð 60 m.kr. var gjaldfært 2017 en eftirstöðvar eru gjaldfærðar, annarsvegar 156 m.kr. á 30 árum og 16 m.kr. á 20. árum.

f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar frh.

2. Rekstrartekjur	2022	2021
Framlag til rekstrar	2.195.575	1.981.600
Framlag í fjárfestingarsjóð	68.787	123.100
Framlag vegna almannavarna	21.094	20.121
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	1.745.919	1.581.513
Aðrar sértekjur	136.126	110.120
Aðrar sértekjur v/Covid	36.678	169.042
Húsaleigutekjur	120.401	112.173
	<u>4.324.580</u>	<u>4.097.671</u>

3. Laun og launatengd gjöld	2022	2021
Laun	2.712.215	2.389.710
Launatengd gjöld og kostnaður	761.890	602.943
Áfallinn launakostnaður, breyting ársins	38.238	48.618
	<u>3.512.342</u>	<u>3.041.270</u>

Á meðal launatengdra gjalda eru gjaldfærðar 6 m.kr. vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í skýringu 1.f. varðandi frekari umfjöllun um uppgjörð.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá félaginu var 210 á árinu 2022, (2021: 202 stöðugildi).

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2022	2021
Vaxtatekjur og verðbætur	26.336	2.855
Vaxtagjöld og verðbætur	(27.181)	(17.229)
	<u>(845)</u>	<u>(14.373)</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Samstæða	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.	2.221.828	721.416	772.669	47.909	3.763.821
Keypt á tímabilinu	21.762	33.548	35.500	0	90.810
Selt á tímabilinu	0	(42.308)	0	0	(42.308)
Heildarverð 31.12	<u>2.243.590</u>	<u>712.655</u>	<u>808.169</u>	<u>47.909</u>	<u>3.812.323</u>
Afskrifað 1.1.	576.944	400.163	637.793	35.441	1.650.341
Afskrift tímabilsins	44.727	40.125	31.524	4.777	121.152
Fært út vegna sölu	0	(35.734)	0	0	(35.734)
Afskrifað samtals 31.12	<u>621.671</u>	<u>404.554</u>	<u>669.317</u>	<u>40.219</u>	<u>1.735.760</u>
Bókfært verð 31.12	<u>1.621.919</u>	<u>308.101</u>	<u>138.853</u>	<u>7.690</u>	<u>2.076.563</u>

Fasteignir samstæðunnar 31. desember 2022 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, leigulóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Skógarhlíð 14	1.812.650	294.050	3.183.989	762.781
Tunguháls 13	227.700	52.350	336.798	95.392
Skútahraun 6	353.800	85.850	733.770	201.260
Skarhólabraut 1	364.000	84.900	785.869	562.487
	<u>2.758.150</u>	<u>517.150</u>	<u>5.040.427</u>	<u>1.621.919</u>

Heildarváttryggingarverðmæti allra fasteigna samstæðunnar eru ríflega 5 milljarðar króna.

Skýringar frh.

6. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur	179.912	122.364
Aðrar kröfur	10.448	12.371
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.500)	(1.500)
	<u>188.860</u>	<u>133.235</u>

7. Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar greinist þannig:	
Óbundnar bankainnstæður og sjóður	<u>866.711</u>

8. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Staða í ársbyrjun 2022	1.632.967	771.307	2.404.274
Afkoma tímabilsins		97.114	97.114
Staða 31.12.2022	<u>1.632.967</u>	<u>868.421</u>	<u>2.501.388</u>

9. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir samstæðunnar greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt með föstum vöxtum 3,19%	217.948	216.695
Langtímaskuldir samtals	<u>217.948</u>	<u>216.695</u>

Fyrirgreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok.

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar 31. desember 2022 greinast þannig á næstu ár:

2023	16.071
2024	16.587
2025	17.393
2026	17.670
Síðar	<u>150.227</u>
	<u>217.948</u>

10. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir samstæðunnar sundurliðast þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Ógreidd laun og launatengd gjöld	70.517	73.493
Áfallið orlof og aðrar skuldbindingar	327.202	272.424
Staðgreiðsla skatta o.fl.	57.129	81.866
Aðrar skammtímaskuldir dótturfélaga	1.660	39.902
	<u>456.508</u>	<u>467.685</u>

11. Ábyrgðir

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ber ábyrgð á lántökum dótturfélagsins SHS fasteigna ehf. sem námu 217,9 m.kr. í lok tímabilsins.

Undirritunarsíða

f.h. Reykjavíkurborgar
Dagur B Eggertsson

f.h. Hafnarfjarðarbæjar
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Kópavogsbæjar
Ásdís Kristjánsdóttir

f.h. Seltjarnarnesbæjar
Þór Sigurgeirsson

f.h. Mosfellsbæjar
Regína Ásvaldsdóttir

f.h. Garðabæjar
Björg Fenger

starfandi slökkviliðsstjóri
Birgir Finnsson

Grant Thornton, endurskoðandi SHS
Jón Sturla Jónsson